



Umhverfisþing 14. Október 2011

D. Málstofa ungmenna

Lýsing: Byrjað var á nafnaleik og í kjölfarið var fræðsla um náttúru- og umhverfisvernd. Við tók hópastarf þar sem þátttakendur veltu fyrir sér hvernig þeir upplifðu hugtök eins og náttúra og umhverfi. Að því loknu unnu þátttakendur tillögur og ábendingar til umhverfisþings og ráðherra. Heimsótti ráðherra hópinn og átti samtál við þátttakendur. Völdu ungmennin svo fulltrúa úr sínum hópi til að kynna helstu niðurstöður fyrir þinginu í samantekt þess. Fulltrúar ungmennanna komu frá Reykjanesi, Reykjavík, Flóahreppi, Ölfusi, Eyrarbakka, Selfossi og Egilsstöðum.

Helstu niðurstöður:

Hvað er náttúra?

Umræður um þetta leiddu af sér m.a. að náttúran væri eitthvað sem er til án íhlutunar mannsins, er umhverfi okkar, allt sem jörðin hefur að geyma, allt sem er lifandi, garðurinn minn og náttúran er allt.

Til varð eftirfarandi ljóð sem var flutt í samantektinni:

Hvað er náttúra?

Náttúran er allt hið lífræna og lifandi.

Náttúran inniheldur jafnvægi

Jörðin er náttúra, náttúran er jörðin

Náttúran er falleg og heillandi

Einnig ljót og skelfileg.

Náttúran er forsenda lífs.

Tillögur og ábendingar.

- Flokkun sorps þarf að auka með lögbindingu.
- Sekta þá sem henda rusli á götunni og sekta þá sem ekki flokka.
- Vernda þarf alla þætti og fá sjónarmið frá öllu fólki þegar lög eru samin og mismunandi landshornum.
- Taka gjald fyrir að fara inná ferðamannastaði og skapa aðstöðu og atvinnu í leiðinni.
- Herða lög, reglur og refsingar varðandi utanvegaakstur, auka eftirlit með náttúrunni
- Vera með auglýsingaherferðir til að stunda náttúruvernd

- Búa til brautir fyrir Motorcross
- Meiri fræðslu um umhverfisvitund til að fá meiri þátttöku.
- Setja kvóta á náttúruna. Má bara taka visst mikið.
- Auka rannsóknir á náttúrunni og upplýsa fyrirtæki.
- Nota Ipad í staðinn fyrir námsbækur – Námsbækur á tölvutækt form.
- Skolvaskar eða tuskur í stað klósettpappírs.
- Endurnýta heima fyrir.
- Minnka bílanotkun.
- Fræðsla í skólum, flokka og endurnýta þar.
- Sjávarfallsvirkjanir – Nýta öldukraft.
- Setja betri grunn fyrir stefnu. Stefnan er fyrir framtíðina ekki næsta kjörtímabil.
- Umhverfisvænt eldsneyti á farartæki og fleira sem þarf orku.
- Byrja strax að upplýsa börn í grunnskóla um náttúruvernd og að þetta verði daglegt brauð hjá þeim.
- Leggja áherslu á trjárækt í byggð og ónýttu umhverfi.
- Endurnýta fjölnota innkaupapoka, plastbrúsa og glerílát.
- Ákvarðanataka á að vera útfrá efnahagslegu/umhverfismiðuðu sjónarhorni.
- Skoða umhverfismál út frá miðlægu sjónarhorni án öfga.
- Skilningur - Gera náttúruvernd töff og kynningu áhugaverða.
- Skoðanir komandi kynslóða mikilvægar.
- Vernda alla þætti náttúrunnar, ekki bara jarðveg og plöntur heldur líka votlendi.
- Verðum að geta gefið til baka eins og að taka við.
- Mikilvægt að vernda fallega staði og auðlindir landsins.
- Huga betur að því sem við erum búin að eyðileggja.
- Vernda ósnortin landssvæði, víðerni, einstakt landslag, einstakar jarðmyndanir og lífverur.
- Vernda fjölbreytni tegunda með friðlýsingu og verndun vistkerfis.

Eyrún Ósk Jónsdóttir, Óskar Dýrmundur Ólafsson og Hervör Alma Árnadóttir voru lóðsar umræðuhópa og umsjónarmenn. Þau komu á vegum Æskulýðsráðs.

Leiðbeinendur fræðslu voru Orri Páll Jóhannsson frá Landvernd og Helena Óladóttir frá Náttúruskóla Reykjavíkur sem jafnframt komu að undirbúningi stofunnar.

Eygló Rúnarsdóttir, umsjónarmaður ungmennaráðs Reykjavíkur, var þátttakendum innanhandar og kom að undirbúningi stofunnar.

Er starfsmönnum umhverfisráðuneytisins, Danfríði Skarphéðinsdóttir, Andrési Inga Jónssyni og Hafdísí Gísladóttur þakkað samstarfið.